

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum
Próf í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum
14. október 2024
kl. 9:00 – 14:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 60 mín.

Gunnar hefur komið víða við á vinnumarkaðnum allt frá því að hann fékk sitt fyrsta starf sem háseti þegar hann var 16 ára. Hann hefur til dæmis unnið sem ferðaleiðsögumaður, kennari og nú síðast var hann húsvörður í Háskóla Íslands. Síðustu 10 ár hefur hann mikið hugsað um það hvar hann vilji eyða síðustu æviárunum og hvar hann muni geta fengið sem mest fyrir lífeyrinn. Eftir vandlega íhugun ákvað hann að flytja til Spánar. Hann varð sjötugur í lok nóvember 2023 og tveimur dögum eftir afmælisdaginn leigði hann sér íbúð á Alicante. Hann flutti þangað 1. febrúar sl. og eyðir nú flestum dögum á golfvellið og nýtur lífsins út í ystu æsar. Gunnar er skipulagður maður og vill helst ekki láta neitt koma sér á óvart, allra síst þegar það kemur að sköttum og hefur því leitað til þín og vill fá ráðleggingar varðandi skil á næsta skattframtali. Samkvæmt áætlun tekjuársins 2024 mun hann fá greiddar 2.387.289 kr. úr lífeyrissjóði verslunarmanna, 1.713.814 kr. frá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og 423.008 kr. frá Tryggingastofnun ríkisins. Fyrir brottflutning til Spánar voru skattskyldar tekjur Gunnars á árinu 2024 375.775 kr. sem skiptast þannig að frá lífeyrissjóði verslunarmanna fékk hann greiddar 198.941 kr., frá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fékk hann greiddar 142.818 kr. og frá Tryggingastofnun ríkisins 34.016 kr. Ekki er um að ræða aðrar tekjur sem geta haft áhrif á tekjur Gunnars frá Tryggingastofnun ríkisins.

Úrlausnarefni:

- A. Gerðu Gunnari grein fyrir þeim skattareglum á Íslandi sem gilda um lífeyrisgreiðslurnar hans.**
- B. Jafnframt vill hann að þú reiknir hverjar, ef einhverjar, skattgreiðslur hans verða á Íslandi vegna þessara tekna.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í excel og/eða word-svarskjali

Verkefni 2 – 20 mín.

Alma Gunnarsdóttir stofnaði ekki fyrir löngu sína eigin lögmannsstofu og hefur nú fengið það verkefni að vera skiptastjóri hjá þrotabúinu Sveittir og þreyttir ehf., en félagið rak líkamsræktarstöð sem seldi einnig fæðubótarefni og íþróttafatnað. Alma telur að hún muni þurfa að höfða umfangsmikil riftunarmál vegna hlaupabretta og róðravéla sem var ráðstafað með ólögætum hætti út úr félaginu áður en það fór í þrot. Þá vill Alma hámarka tekjur þrotabúsins og hefur því í hyggju að vera með útsölu á þeim fæðubótarefnum og íþróttafatnaði sem eru í líkamsræktarstöðinni. Alma er ekki alveg viss um hvaða virðisaukaskattsreglur gilda varðandi þrotabúið og hefur því leitað til þín.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum í liðum A og B út frá framangreindum forsendum.

- A. Ber Ölmum að skrá þrotabúið á virðisaukaskattsskrá?
- B. Ber Ölmum að innheimta virðisaukaskatt á reikninga sína til þrotabúsins fyrir sína vinnu og gæti þrotabúið þá nýtt innskattinn af reikningum frá Ölmum?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 3 – 30 mín.

Þórður er framkvæmdastjóri félagsins Stórir draumar ehf. sem er í viðskiptum við endurskoðunarfyrirtækið sem þú starfar hjá. Fyrirséð er að félagið muni falla í flokk stórra félaga við næsta uppgjör. Hann gerir sér grein fyrir því að það hefur m.a. í för með sér að stjórnendur félagsins þurfa í næsta ársreikningi að veita ófjárhagslegar upplýsingar, sbr. 66. gr. d laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Hann hefur því leitað til þín og upplýst þig um þá stöðu sem upp er komin. Hann óskar jafnframt eftir leiðbeiningum frá þér hvað felst í þessum kröfum og vill að þú setjir saman **minnisblað**.

Úrlausnarefni:

Taktu saman í formi óformlegs minnisblaðs til Þórðar þar sem þú útskýrir og tekur dæmi um upplýsingar og leiðbeiningar um lögbundna ófjárhagslega upplýsingagjöf.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 4 – 120 mín.

Fjármálastjóri Furðuverka ehf. hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2023 og óskar hann eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattstofn félagsins og skattskuldbindingu / skatteign í árslok 2023.

Félagið átti tvö dótturfélög í upphafi árs 2023, Skrýtinverk ehf. og Óverk ehf. Á árinu sameinaðist Óverk ehf. Furðuverkum ehf.

Furðuverk ehf. er dótturfélags erlenda félagsins Wonder Ltd. Wonder Ltd. er skráð á erlendan hlutabréfamarkað og fá starfsmenn Furðuverka ehf. kauprétti í hlutabréfum erlenda félagsins.

Með beiðninni fylgja ýmsar upplýsingar er varða starfsemi Furðuverka ehf. á árinu 2023 en fjármálastjórinn telur að þessar upplýsingar hafi áhrif á skattútreikninga ársins.

Eftirfarandi gögn komu frá fjármálastjóranum:

- **Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi (fylgiskjal 1).**
- **Reikningshaldsleg fyrningaskýrsla (fylgiskjal 1).**
- **Sundurliðun skattskuldbindingar í árslok 2022 niður á einstaka liði (fylgiskjal 1).**
- **Niðurstöður skattalegrar fyrningaskýrslu ársins 2023 vegna rekstrarársins 2022.**
- **Upplýsingar vegna skattalegrar fyrningarskýrslu 2024 vegna ársins 2023.**

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

Skattstofn:

Fjármálastjórinn fer fram á að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða ef um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð koma til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði yfirsattanefndar, bindandi álit o.s.frv. hvaða leiðir koma til greina og hvers vegna þið veljið ákveðna leið. Taka skal afstöðu til allra liða hér að neðan. Fjármálastjórinn óskar eftir því að allir liðir sem eiga að koma fram í skattstofni skv. skattframtali komi fram í útreikningunum.

Ef þú telur að einhverjir þeirra liða sem fjármálastjórinn hefur tekið saman vegna skattútreikninga eigi ekki við þá þarft þú að útskýra í stuttu máli hvers vegna svo sé.

Skattskuldbinding / skatteign:

Fjármálastjórinn óskar jafnframt eftir því að skattskuldbinding / skatteign félagsins í árslok 2023 verði reiknuð og sundurliðuð niður á einstaka liði.

Virkur tekjuskattur:

Fjármálastjórnin óskar jafnframt eftir því að þú reiknir virkan tekjuskatt og sýnir hvaða liðir hafa áhrif á skatthlutfallið.

1. Drög að skýringu vegna leigueigna:

1.	Leigueignir greinast þannig:	
	Staða í upphafi árs	236.904.128
	Verðbætur á leiguskuldbindingu	9.511.438
	Viðbót á árinu	139.239.561
	Afskrift ársins	(24.391.255)
		<u>361.263.872</u>

2. Drög að skýringu vegna leiguskulda:

2.	Leiguskuldir greinast þannig:	
	Staða í upphafi árs	211.185.428
	Verðbætur á leiguskuldbindingu	9.511.438
	Nýir samningar	139.239.561
	Afborganir ársins	(23.294.328)
	Vextir	3.198.114
	Gengismunur	6.918.562
		<u>346.758.775</u>

3. Drög að skýringu vegna fjármagnsliða:

3.			
		2023	2022
	Vaxtatekjur	58.269.872	47.119.872
	Arður	10.000.000	
	Markaðsverðbréf, breyting ársins	(9.423.816)	4.587.560
	Vaxtagjöld	(557.738.462)	(576.797.436)
	Gengismunur	2.588.462	(25.296.795)
		<u>(496.303.944)</u>	<u>(550.386.799)</u>
	Gengismunur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
	Gengismunur færður meðal fjármagnsliða	2.588.462	(25.296.795)
	Gengismunur færður á kostnaðarverð seldra vara	(24.590.389)	(8.432.265)
	Gengismunur samtals	<u>(22.001.927)</u>	<u>(33.729.060)</u>

4. Eldri gengismunur.

4.	Félagið hefur fært gengismun í skattframtöl félagsins í samræmi við skattalög.	
	Gengismunur samkvæmt ársreikningi 2021	32.562.963

5. Viðskiptakröfur:

5.	Viðskiptakröfur greinast þannig samkvæmt ársreikningi:		
		2023	2022
	Viðskiptakröfur skv. bókhaldi	1.275.836.425	1.388.654.300
	Krafa vegna sölu á eignarhlut í hlutdeildarfélagi	355.875.000	
	Lán til tengdra aðila	150.000.000	250.000.000
	Fjármagnstekjuskattur	12.819.372	10.366.372
	Fyrirframgreiddur kostnaður	34.619.231	28.849.359
	Óbein niðurfærsla krafna	(215.000.000)	(150.000.000)
		<u>1.614.150.028</u>	<u>1.527.870.031</u>
	Óbein niðurfærsla krafna greinist þannig:		
	Niðurfærðar viðskiptakröfur 1.1.	(100.000.000)	(85.000.000)
	Niðurfærðar kröfur á tengda aðila 1.1.	(50.000.000)	(35.000.000)
	Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	(13.000.000)	(15.000.000)
	Breyting niðurfærslu á tengda aðila	5.000.000	(15.000.000)
	Breyting niðurfærslu vegna sölu á eignarhlut	(57.000.000)	
	Staða 31.12.	(215.000.000)	(150.000.000)
	Í skattframtali 2023 vegna ársins 2022 var færð skattaleg hámarksniðurfærsla á viðskiptakröfur.		

6. Birgðir:

6.	Birgðir félagsins eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að frádreginni niðurfærslu.		
	Birgðir samkvæmt ársreikningi greinast þannig:		
		2023	2022
	Birgðir samkvæmt vörutalningu	4.399.785.423	4.188.358.702
	Niðurfærsla birgða	(300.000.000)	(250.000.000)
		<u>4.099.785.423</u>	<u>3.938.358.702</u>
	Fjármálastjórinn segir að í árslok 2022 hafi birgðir að fjárhæð 51.355.877 kr. verið óseljanlegar og þeim hafi verið hent í janúar 2023, þessi fjárhæð var inn í niðurfærslu birgðanna í árslok.		
	Í árslok 2023 voru ónýtar birgðir að fjárhæð 23.775.896 kr., en þær eru ekki inn í fjárhæð samkvæmt vörutalningu.		
	Í skattframtali 2023 vegna ársins 2022 var færð hámarks skattaleg niðurfærsla birgða.		

7. Upplýsingar frá launadeild:

7.	Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir frá launadeild félagsins:	2023
	Bifreiðahlunnindi samkvæmt launamiðum, samtals	8.000.000
	Benz	4.500.000
	BMW	3.500.000
	Hlunnindi vegna nýtingar á kaupréttum	150.000.000
	Hlunnindi vegna greiddra bónuma með afhendingu hlutabréfa	50.000.000

8. Ýmsar upplýsingar:

8.	Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um einstaka liði í prófjöfnuði félagsins:	2023
	Gjaldfærður kostnaður vegna kaupréttta, skv. reikningi frá Wonder Ltd., en Wonder Ltd. endurrukkar Black&Sholes kostnað félagsins sem tengist Furðuverkum ehf. með 10% álagi	44.000.000
	Gjaldfærður kostnaður vegna afhendingar á hlutabréfum skv. reikningi frá Wonder Ltd., en Wonder Ltd. endurrukkar Black&Sholes kostnað félagsins sem tengist Furðuverkum ehf. með 10% álagi	55.000.000
	Rekstrarkostnaður vegna Benz	3.175.870
	Rekstrarkostnaður vegna BMW	4.377.810
	Gjaldfærðir styrkir til almannaheillafélaga	300.000.000
	Gjaldfærðir styrkir til annarra félaga	100.000.000
	Gjaldfærðir afdráttarskattar erlendis, fært sem annar rekstrarkostnaður	2.575.834
	Bókhaldslykill 6845 - Vaxtagjöld af láni erlends tengds aðila	493.452.917

9. Aðrar tekjur:

9.	Aðrar tekjur:		
		2023	2022
	Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	14.560.897	22.717.949
	Tjónabætur	10.800.000	5.300.000
		25.360.897	28.017.949

10. Óefnislegar eignir:

10. Óefnislegar eignir greinast þannig:			
Félagið afskrifar viðskiptavild félagsins um 10% reikningshaldslega, en á fimm árum skattalega.			
	Viðskiptavild vegna kaupa á rekstri	Viðskiptavild vegna kaupa á félagi	Viðskiptavild samtals
Kaupverð	200.000.000	100.000.000	300.000.000
Áður afskrifað	(40.000.000)	(100.000.000)	(140.000.000)
Bókfært verð 1.1.	160.000.000	0	160.000.000
Viðbót á árinu		150.000.000	150.000.000
Afskrifað á árinu	(20.000.000)	(15.000.000)	(35.000.000)
	140.000.000	135.000.000	275.000.000

11. Skattalegar fyrningar:

11. Skattaleg fyrningaskýrsla, frá fyrra ári.			
			Fasteign og lóð
Heildarverð 31.12.2022			585.000.000
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2022			(63.180.000)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2022			521.820.000
Afskriftarhlutfall			3%
		Bifreiðar	Áhöld og tæki
Heildarverð 31.12.2022		94.580.050	288.574.675
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2022		(42.561.023)	(151.501.704)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2022		52.019.028	137.072.971
Afskriftarhlutfall		20%	35%
Á kaupdegi nam lóðarhluti fasteignamats fasteigna 10% af kaupverðinu.			
Skattalega fyrningaskýrslan er án eigna sem keyptar voru á árinu, en eldri eignir skal fyrna hámarksfyrningu samkvæmt skattalögum í fyrningaskýrslunni.			
Engin eign verður kominn niður í niðurlags verð í árslok 2023 þrátt fyrir hámarks skattalega fyrningu á árinu 2023.			
Skattalegt bókfært verð seldra áhalda og tækja nam 1.1.2023			23.408.563

12. Markaðsverðbréf:

12. Markaðsverðbréf greinast þannig:				
		Hlutdeildar- skírteini		Samtals
	Hlutabréf			
Staða 1.1.2023	170.358.954	187.358.945		357.717.899
Fjárfesting ársins	25.000.000			25.000.000
Selt á árinu		(55.333.444)	(55.333.444)	
Söluhagnaður (-tap) ársins		5.855.657		5.855.657
Matsbreyting ársins	(15.835.460)	10.555.987	(5.279.473)	
Niðurfærsla ársins	(5.000.000)	(5.000.000)	(10.000.000)	
	174.523.494	143.437.145		317.960.639
Arður ársins 2023	10.000.000			

13. Eignarhlutur í dóttur- og hlutdeildarfélagum:

13. Eignarhlutur í dóttur- og hlutdeildarfélagum greinist þannig:				
	Skrýtinverk ehf. 100% eignarhl.	Óverk ehf. 100% eignarhl.		Samtals
Bókfært verð í upphafi árs	142.050.000	250.000.000		392.050.000
Samruni		(225.000.000)	(225.000.000)	
Hlutdeild ársins	(45.162.821)		(45.162.821)	
Arður	(10.000.000)	(25.000.000)	(35.000.000)	
Bókfært verð í árslok	86.887.179	0		86.887.179
Óverk ehf. sameinaðist Furðuverkum ehf. þann 1.1.2023.				
Félögin Skrýtinverk ehf. og Óverk ehf. hafa verið samsköttuð með Furðuverkum ehf. frá árinu 2010.				
Upplýsingar úr skattframtali Óverka ehf. í árslok 2022:				
Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2022				38.578.990
Skattaleg niðurfærsla birgða í árslok 2022				8.883.755
Skattaleg niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok 2022				3.526.841
Upplýsingar úr skattframtali Skrýtinaverka ehf. í vegna rekstrarársins 2023:				
Skattalegt tap ársins 2023				85.739.650

14. Framvirkir samningar:

14.	Félagið gerði framvirkan samning á árinu, undirliggjandi eign voru hlutabréf og greinist hann þannig, samningurinn er færður meðal annarra skammtímaskulda:	
	Samningsverð	25.000.000
	Arður	(2.000.000)
	Staða í árslok	23.000.000

Úrlausnarefni:

Skattstofn:

Leiddu út skattstofn félagsins þannig að hann verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Ef um liði ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð koma til greina þarft þú að útskýra með tilvísunum í lög, úrskurði yfirséðanefndar, bindandi álit o.s.frv. hvaða leiðir koma til greina og hvers vegna þið veljið ákveðna leið. Taka skal afstöðu til allra atriða sem fram komu í upplýsingunum hér á undan. Allir liðir sem eiga að koma fram í skattstofni skv. skattframtali skulu koma fram í útreikningunum.

Ef þú telur að einhverjir þeirra liða sem fjármálastjórinn hefur tekið saman vegna skattútreikninga eigi ekki við þá þarft þú að útskýra í stuttu máli hvers vegna svo sé.

Skattskuldbinding / skatteign:

Reiknaðu skattskuldbindingu / skatteign félagsins í árslok 2023 og sundurliðaðu á einstaka liði.

Virkur tekjuskattur:

Reiknaðu virkan tekjuskatt og sýndu hvaða liðir hafa áhrif á skatthlutfallið.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 5 – 30 mín.

Meðfylgjandi í fylgiskjali 2 er prófjöfnuður 31.12.2023 fyrir Nátttröll ehf.

Bókhaldslyklar félagsins eru með sjálfvirkri færslu innskatts í samræmi við heiti einstakra lykla.

Að auki hefur félag nýtt innskatt:

Í tolli vegna vörukaupa til endursölu innanlands	32.372.017
Vegna eignfærslu á skrifstofubúnaði	8.755.633

Fyrir liggur að fasteign félagsins er nýtt þannig:

Verslun og birgðageymsla	353 fermetrar
Heilbrigðisþjónusta	120 fermetrar
Skrifstofa	85 fermetrar

Úrlausnarefni:

Hvað má félagið nýta mikinn innskatt á árinu 2023?

Sýndu útreikninga og fjárhæðir og rökstyddu niðurstöður þínar.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 6 – 40 mín.

Vaxandi ehf. er eitt af stærstu hugbúnaðarfyrirtækjunum á Íslandi og hefur á undanförunum árum gert marga stóra samninga við erlend fyrirtæki um hugbúnaðarþróun. Systkinin Addi, Palli og Bergþóra starfa öll hjá félaginu sem sérfræðingar í hugbúnaðargeiranum. Addi er viðskiptafræðingur og er einnig framkvæmdastjóri félagsins en Palli og Bergþóra eru tölvunarfræðingar. Auk þeirra starfa þar 14 starfsmenn í fullu starfi og tveir í hlutastarfi. Addi hefur nýlega ráðið fjármálastjóra til starfa hjá Vaxandi ehf. og hefur fjármálastjórinn verið að fara yfir ýmsar aukagreiðslur sem greiddar hafa verið til starfsmanna félagsins, svo sem hlunnindi ýmis konar, ökutækjastyrki og dagpeninga. Fjármálastjórinn telur að ekki hafi verið farið rétt með þessar greiðslur og hlunnindi og hefur því leitað til endurskoðunarfyrirtækisins sem þú starfar hjá og hefur þér verið falið að aðstoða fjármálastjóran.

Bergþóra hefur af og til í gegnum árin farið á ráðstefnur erlendis. Hún er þá í burtu í nokkra daga í hvert sinn og hefur fengið dagpeninga vegna þeirra daga, bæði vegna gistingar og annars. Palli starfaði áður hjá bandarísku fyrirtæki þar sem hann vann við vöruþróun þar til fyrir tveimur árum er hann hóf störf hjá Vaxandi ehf. Hann flutti þá heim til Íslands og hefur frá þeim tíma verið með skattalega heimilisfesti á Íslandi. Markmiðið með ráðningu Palla var að nýta alþjóðlega reynslu hans og sækja fram á erlenda markaði, einkum í Bandaríkjunum og Kanada. Palli hefur því verið talsvert meira erlendis en Bergþóra, einkum á árinu 2024. Segja má að Palli hafi dvalið í Bandaríkjunum við tímabundin störf (nokkur verkefni þar) en farið í stakar vinnuferðir frá Bandaríkjunum til Kanada (eitt verkefni þar). Palli hefur þó komið í nokkrar stuttar ferðir til Íslands á árinu 2024. Þar sem ekki hefur beinlínis verið slegist um að fara erlendis og taka þátt í þessum verkefnum samþykkti Addi að dagpeningagreiðslur til Bergþóru og Palla yrðu 20% hærri en sem nemur ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og reglum skattsins.

Bergþóra hefur fengið greiddan ökutækjastyrk í hverjum mánuði í samræmi við fjárhæðarmörk skattstjóra á hvern kílómetra og ekna kílómetra í þágu Vaxandi ehf. skv. akstursdagbók sem Bergþóra færir reglulega þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala Bergþóru og einkennisnúmer bifreiðar hennar auk heildaraksturs bifreiðarinnar á hverju ári. Akstursdagbókin hefur verið aðgengileg skattyfirvöldum, bæði í bókhaldi Vaxandi ehf. og hjá Bergþóru. Skrifstofa Vaxandi ehf. er í miðbæ Reykjavíkur og þegar Bergþóra flutti frá Reykjavík til Hafnarfjarðar jókst skráður akstur hennar umtalsvert.

Sem framkvæmdastjóri Vaxandi ehf. þarf Addi að sækja marga fundi utan skrifstofunnar. Fyrr á árinu var keyptur bíll fyrir Adda sem hann getur notað í vinnunni. Addi fer nánast undantekningarlaust heim á bílnum enda byrjar hann oft daginn á fundum út í bæ. Addi nýtir bifreiðina ekki mikið í einkaþágu heldur aðeins í einstökum og tilfallandi tilvikum.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum og rökstyðja, m.a. með vísan til viðeigandi ákvæða laga og reglna:

- A. Hvort og þá hvaða áhrif hefur það á skattalega meðferð dagpeningagreiðslanna til Palla að hann dvaldi tímabundið við störf í Bandaríkjunum á árinu 2024? Má halda dagpeningagreiðslunum til hans utan staðgreiðslu? Teljast dagpeningagreiðslurnar hans skattskyldar?
- B. Er heimilt að halda ökutækjastyrk Bergþóru utan staðgreiðslu? Er ökutækjastyrkur Bergþóru skattskyldur?
- C. Hvaða reglur gilda um bifreiðahlunnindi Adda?

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali